

Erindisbréf

framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum

Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar (Haukar) hafa gert samkomulag um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum í samræmi við lokaskýrslu sem starfshópur um uppbyggingu á Ásvöllum skilaði til bæjarráðs 21. nóvember 2019.

Hlutverk:

Framkvæmdanefndin skal vinna eftir samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Hauka um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum og fullkanna allar tölulegar staðreyndir og kostnað vegna framkvæmdarinnar.

Nefndin skal koma að undirbúningi að hönnun og síðan framkvæmdum verksins. Þá skal nefndin koma að undirbúningi á fjármögnun verkefninsins. Nefndin skal hafa skýrslu starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum til hliðsjónar við verkefnið.

Skipulag:

Framkvæmdanefndin skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Nefndin skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf nefndarinnar.

Framkvæmdanefndin starfar í umboði bæjarráðs.

Skipan hópsins:

- 2 fulltrúar frá meirihluta
- 1 fulltrúi frá minnihluta
- 2 fulltrúar frá Haukum

Með hópnum starfar:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sviðsstjóri fjármálasviðs og íþróttá- og tómstundafulltrúi

Samþykkt í bæjarráði,

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.